

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir rafmagn nr. 250, 11. apríl 1995 með áorðnum breytingum:

Allir gjaldaliðir hækka um 3%, undanskilinn er taxti A5 Orkuafhending rofin með dagsbirtu.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. janúar 1997.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

---

*Steinunn Bjarmann.*

6. janúar 1997

Nr. 5

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir afnot af heitu vatni.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna fyrir afnot af heitu vatni er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir afnot af heitu vatni nr. 238, 11. apríl 1995:

Allir gjaldaliðir hækka um 3%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. janúar 1997.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

---

*Steinunn Bjarmann.*

6. janúar 1997

Nr. 6

## AUGLÝSING

### um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1997 vera 462.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*